

66.fundur hverfisnefndar holta- og Hlíðarhverfis

Haldinn í Glerárskóla 5.september 2013.

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Óskar Ingi Sigurðsson, Helgi Stefánsson og Sigrún Elva Briem.

Fundarefni:

1) Yfirferð vegna síðasta vetrar

Stjórnarmenn ræða saman um verkefni síðasta veturs og fara yfir stöðuna. Sumt af verkefnunum hafa ekki verið leitt til lykta og mun farið í þau í vetur.

2) Starfsreglur vegna umhverfisátaks Akureyrarbæjar fyrir hverfisnefndir

Stjórnarmenn ræða hvort starfsreglur séu komnar fyrir hverfisnefndir vegna 2 m.kr fjárveitingu til umhverfisátaks Akureyrarbæjar. Stjórn lýsir áhyggjum sínum yfir að hafa ekki fast í hendi varðandi þessa fjárveitingu.

3) Skólaráð.

Samkvæmt reglum skólaráðs þarf að hafa einn aðila frá hverfisnefnd í skólaráði og mun Sigrún Briem taka það að sér fyrir hönd hverfisnefndar Holta og Hlíðarhverfis.

4) Samstarfsverkefni , Glerárskóli og hverfisnefnd.

Formaður Hverfisnefndar kom að máli við Eyrúnu, skólastjóra Glerárskóla, að unnið væri í sameiningu að verkefni sem kæmi að umhverfi skólans og nemendum. Aðalhugsunin fyrir þessu verkefni er að nemendur skólans þekki hverfis sitt og séu þar örugg og eigi örugga leið í skólann. nú þegar búið að halda 2 fundi um þetta verkefni, milli formanns hverfisnefndar og skólastjóra Glerárskóla. Strax kom í ljós að verkefnið gæti fallið undir þema-daga Glerárskóla. Hverfisnefndin sér fyrir sér að niðurstaða þessa verkefnis væri að börnin í hverfinu gæfu frá sér mat um hvort umhverfi þess sé öruggt og hvort og hvernig þá, börnin myndu vilja breyta umhverfi sínu. Hverfisnefnd myndi síðan gangast í málið í samstarfi við Akureyrarbæ og sjá til að þessar breytingar yrðu gerðar, ef mögulegt væri. Einnig sér hverfisnefndin þá akk sinn í að börnin komi til með að þekkja til hverfisnefndar og að þá sé sú hugsun komin að hverfisnefndin sé fyrir alla í hverfinu og að börnin sjálf geti haft áhrif á umhverfi sitt. Enn er umræða um verkefnið í gangi og ekkert orðið fast í orði.

5) Gangbrautir á Skarðshlíðarhringnum og umferðarmerki.

Óskað er eftir því að gangbrautir í skarðshlíð og þá sérstaklega í Höfðahlíð, þar sem Glerárskólinn er verði málaðar svo ekki verði um villst að þar sé gangbraut.

Einnig var formanni bent á af íbúa hverfisins að hvergi eru hraðamerki sjáanleg í öllum skarðshlíðarhringnum.

Gott væri að setja 30 km merki þar sem þau eru sjáanleg, allan skarðshlíðarhringinn og þá sérstaklega við og nálægt Glerárskóla og við Hamar, fótboltasvæðið.

Margt rætt en ekki fleira fært til bókunar.

Næsti fundur verður í haust, um skólabyrjun. Mun formaður senda út fundartíma með pósti. Akureyri, 15.september 2013. Berglind